

af því að 2 áfrýjunar-stefnur voru út gefnar í málinu og birtar öllum hinum kærðu, hvor á eptir annari.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir kærðu, Þórður Guðmundsson, Guðmundur Einarsson og Narfi Vigfússon, greiði í sekt 90 kr. hver þeirra; Sveinn Þorsteinsson og Andrjes Árnason 80 kr. hvor; Nikulás Eiríksson og Ólafur Þormóðsson 70 kr. hvor; Guðmundur Þormóðsson 50 kr. og Ólafur Ólafsson 10 krónur. Sektirnar renni hálfar í sveitarsjóð Rosmhvalanesshrepps og hálfar til hlutaðeigandi tilsjónarmanna. Málskostnað allan bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málsfærslumannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra, ber nefndum kærðu einnig að greiða, einum fyrir alla og öllum fyrir einn.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 45/1887.

C. J. Rydèn
gegn
F. A. Löve.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði hinn stefndi, kaupmaður F. A. Löve, fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur-kaupstaðar gegn áfrýjandanum, C. J. Rydèn, út af skuld er hinn fyr-

nefndi taldi til hjá hinum síðarnefnda í viðskiptum þeirra, og var það dæmt á bæjarþinginu hinn 4. ágústmán. þ. á. með þeim úrslitum, að Rydèn skyldi greiða Löve 840 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 12. aprílm. þ. á. til borgunardags, en málskostnaður var látinn niður falla.

Þessum dómi hefur C. J. Rydèn áfrýjað til yfirrjettarins með stefnu, dags. 15. ágústmán. þ. ár, og krafist þess *fyrst og fremst*, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og stefndi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir undirrjetti og yfirdómi með 40 kr., eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins; en *til vara*, að frá upphæð þeirri, 840 kr., sem honum er gjört að greiða með bæjarþingsdóminum, verði dregnar 100 kr., er honum beri sem »procentur« af innheimtufje í þarfir stefnda veturinn 1885—1886, og að málskostnaður þá verði látinn falla niður. Á hinn bóginn er það rjettarkrafa hins stefnda, F. A. Löve, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða 50 kr. eða eitthvað nægilegt sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Hinn stefndi hefur lagt fram fyrir undirrjettinum ítarlegan, sundurliðaðan reikning yfir viðskipti hans og áfrýjanda fyrir tímabilið frá 1. maím. 1880 til 5. aprílm. 1887, en allan þennan tíma var áfrýjandi í þjónustu hans, og byggir hann skuldakröfu sína á þessum reikningi. Áfrýjandi hefur bæði fyrir bæjarþingsrjettinum og fyrir yfirdóminum mótmælt reikningnum í heild hans sem sönnunar-gagni, og krafid stefnda um aðrar frekari sannanir fyrir viðskipta-skuldinni, en á hinn bóginn hefur hann sjerstaklega að eins bent á 3 smá-upphæðir í öllum þessum reikningi, sem hann telur rangar. Það er

þó sannað fyrir undirrjettinum, að einmitt þessar 3 upphæðir í reikningnum eru rjettar, og með því að áfrýjandi að öðru leyti engin rök hefur fært fyrir hinum almennu mótmælum sínum gegn reikningnum, sem honum þó hefur gefið nægilegt tilefni til undir rekstri málsins, nje heldur leitast við að gjöra mótmælin sennileg, þá verður þeim eigi gaumur gefinn, og er þar með fallin aðal-krafa hans um algjörða sýknun í málinu. — Að því er vara-kröfuna snertir, hefur áfrýjandi haldið því fram, að stefndi hafi lofað honum 2% þóknun af peninga-upphæð þeirri, sem hann inn heimti fyrir hann veturinn 18^{85/86}, meðan stefndi hafi verið erlendis, en þetta loforð hafi hann eigi efnt, og þykist áfrýjandi þó þennan vetur hafa inn heimt að minnsta kosti 5000 kr. í peningum fyrir hann. Stefndi hefur nú kannast við, að hann hafi lofað þessum »procentum«, en jafnframt haldið því fram, að hann hafi efnt tjeð loforð, með því að hann við árslok 1886 hafi talið áfrýjanda til inntektar í viðskiptum þeirra fram yfir laun hans 100 kr., sem hann hafi kallað »douceur«, en áfrýjandi hafi alls ekki gjört reikningslega grein fyrir, hve mikið hann hafi inn heimt veturinn 18^{85/86}, þannig að »procenturnar« yrðu reiknaðar eptir því. Það er nú og rjett, að slík skýrsla hefur eigi komið fram í málinu af hálfu áfrýjanda, og með því að hann hefur eigi leitt rök að því, að honum hafi borið rjettur til 100 kr. »douceurs« árlega sem nokkurs-konar launa-viðbótar,—en í því efni er það eigi næg sönnun, að hann um nokkur undan-farin ár hafði fengið 100 kr. »douceur« við hver árslok—, þá verður eigi hrundið þeirri kröfu stefnda í málinu, að ný-nefnd upphæð, 100 kr., sem hann greiddi áfrýjanda við árslok 1886 og kallaði »douceur«, verði álitin nægileg greiðsla

upp í um-þráttadar »procentur« samkvæmt loforði hans.—
Rjettarkröfur áfrýjanda verða því eigi teknar til greina,
og ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í heild hans,
einnig málskostnaðar-fyrirmælin, en hæfilegan málskostnað
að fyrir yfirdómi virðist áfrýjandi eptir þessum úrslitum
málsins eiga að greiða, og ákveðst hann 12 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraska-
aður. Áfrýjandinn, C. J. Rydèn, greiði hinum
stefnda, F. A. Löve, 12 — tólf — krónur í máls-
kostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá
lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 19. desembermán.

Nr. 34/1887.

Ekkjufrú S. D. Jónassen

gegn

kaupmanni Valgarði Breiðfjörð.

D ó m u r :

Mál þetta er í hjerði höfðað af hinum stefnda, kaup-
manni Valgarði Breiðfjörð, gegn áfrýjandanum, ekkju-
frú S. D. Jónassen, út af ágreiningi um takmörkin milli
lóðanna, er fylgja húsum þeirra Nr. 9 og Nr. 10 í Aðal-
stræti í Reykjavík. Gjörði Valgarður Breiðfjörð, sem er
eigandi að húsinu Nr. 9, tilkall til lóðar-sneiðar nokk-
urrar, er liggur á milli nefnds húss og hússins Nr. 10,
en tjeða lóðar-sneið hefur áfrýjandinn, ekkjufrú S. D.
Jónassen, eða áður maður hennar, sem nú er látinn,